

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknun fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:
Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall kr. 6.800.
Auk grunngjalds reiknast kr. 320 fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2015 frá 11. nóvember 2015, um akstursgjald ríkisstarfsmanna, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð fyrir 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. laga um gæðamat á æðardúni nr. 52/2005 og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá fyrir gæðamat á æðardúni nr. 730/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. nóvember 2017.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Elisabet Anna Jónsdóttir.